

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Stefaníu Guðrúnar Pétursdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kærleikssjóður Stefaníu Guðrúnar Pétursdóttur. Stefanía fæddist 23. október 1984 og lést 27. ágúst 2003. Sjóðurinn er stofnaður af Péttri Emilssyni og Sigrúnu Eddu Sigurðardóttur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að kærleika og styrkja þá sem eiga um sárt að binda vegna fráfalls ungmenna af slysförum eða sjálfsvíga.

3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 600.000 kr. – sexhundruðþúsund krónur – fengið með minningargjöfum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa Pétur Emilsson, kt. 180647-2289 til vara Vigfús Þór Árnason, kt. 060446-3509. Sigrún Edda Sigurðardóttir, kt. 200455-3719, til vara Sigríður Emilsdóttir, kt. 010347-2709 og Þorvaldur Ingi Jónsson, kt. 030358-2529, til vara Dís Kolbeinsdóttir, kt. 050757-2509. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórn. Hverfi menn úr stjórn eða varastjórn skulu stofnendur og þeir sem eftir sitja í stjórninni tilnefna nýjan stjórnarmann.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins, tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð.

Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, vextir og arður af eignum sjóðsins og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir árlega af viðskiptafræðingi og lagður fyrir stjórn sjóðsins sem sendir þá Ríkisendurskoðun í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðuneytis.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eigum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. ágúst 2004.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir veiðibótasjóðinn Blending.

1. gr.

Nafn.

Sjóðurinn heitir Blendingur, er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988.

2. gr.

Aðsetur.

Lögheimili sjóðsins er í Húnavatnssýslu, á heimili formanns stjórnar hverju sinni.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að vexti og viðgangi laxastofna Blöndu og Svartár í Húnavatnssýslu með það að markmiði að jafna laxgengd í ánum og treysta stöðu þeirra sem eftirsóknarverðs veiðisvæðis stangveiðimanna.